

Aukaársfundur Austurbrúar ses. 2026

haldinn á Teams

1. september 2026 kl 12:00

Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri Austurbrúar, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hún til að hún tæki að sér fundarstjórn og Urður Gunnarsdóttir fundarritun. Var það samþykkt.

Fundastjóri fór yfir að alls voru um tuttugu fundargestir, þar af sjö atkvæðisbærir fulltrúar stofnaðila Austurbrúar og einn fulltrúi sem fór með fimm atkvæði hagsmunaaðila.

Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila og á vef Austurbrúar. Fundurinn taldist því löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Fundurinn fór eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan og að því loknu var gengið til dagskrár.

1) Skýrsla stjórnar –liðurinn var tekinn fyrir á ársfundi 20. mars 2026

2) Afgreiðsla ársreikninga –liðurinn var tekinn fyrir á ársfundi 20. mars 2026

3) Fjárhags og starfsáætlun kynnt –liðurinn var tekinn fyrir á ársfundi 20. mars 2026

4) Breytingar á skipulagsskrá

Fyrir fundinum lágu breytingar á skipulagsskrá og gaf fundarstjóri Gunnari Jónssyni, formanni starfsháttanefndar, orðið til að fjalla um þær sem gera þarf vegna breytingar á fjölda stjórnamanna sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi Samband sveitarfélaga á Austurlandi - SSA.

[Skipulagsskrá Austurbrúar](#), 8 gr. gerir ráð fyrir því að fimm stjórnarmenn komi af vettvangi sveitarstjórnarmála og "skulu vera þeir sömu og skipa stjórn SSA og eru því kosnir á aðalfundi SSA".

Á aðalfundi SSA 20. mars 2026 var fjölgað um einn í stjórn sambandsins. Starfsháttanefnd Austurbrúar gerði í kjölfarið tillögu að breytingu á 8. greininni á fundi sínum 6. ágúst og var hún samþykkt á [fundi stjórnar Austurbrúar 11. ágúst](#)

Tillaga Starfsháttarnefndar fyrir aukaársfund Austurbrúar 1. september 2026

8. gr., tillaga að breytingu



Stjórn Austurbrúar ses. skal skipuð átta sjö manns. Skulu sex fimm þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en tveir af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar. Stjórnarmenn af vettvangi sveitarstjórnarmála skulu vera þeir sömu og skipa stjórn SSA og eru því kosnir á aðalfundi SSA. Stjórnarmenn af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar eru formaður og varaformaður fagráðs stofnunarinnar og kosnir á fundi hagsmunaaðila og annarra stofnaðila en sveitarfélaga. Aðrir fagráðsmenn taka stjórnarsæti í forföllum formanns og/eða varaformanns. Varamenn í stjórn SSA taka sæti í forföllum aðalmanna af vettvangi sveitarstjórnarmála. ~~Aheyrnarfulltrúi í stjórn SSA á einnig rétt á að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn Austurbrúar ses.~~

Allir með atkvæðisrétt á fundinum samþykktu breytinguna; sjö stofnaðilar og fulltrúi með fimm atkvæði hagsmunaaðila.

5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. - Engar breytingar á innri reglum á dagskrá.

6) Kosningar –liðurinn var tekinn fyrir á ársfundi 20. mars 2026

- A. Kjör endurskoðanda
- B. Kjör starfsháttarnefndar
- C. Kjör siðanefndar

7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagráðs –liðurinn var tekinn fyrir á ársfundi 20. mars 2026

8) Önnur mál

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs. Bauð fundarstjóri alla viðstadda á næsta ársfund Austurbrúar sem haldinn verður 17. mars 2027.

Formaðurinn sleit aukaársfundinum klukkan 12:09.



Undirritunarsíða

Urður Gunnarsdóttir

Bryndís Fiona Ford

Ragnar Sigurðsson